

Hönnunardeild

Grafísk hönnun

Broskallinn

:)

Hönnunardeild

Grafísk hönnun

Broskallinn

:)

Ritgerð til BA / MA-prófs í grafískri hönnun

Tómas Leó Halldórsson

Kt.: 080890-3549

Leiðbeinandi: Ármann Jakobsson

Haustönn 2014

Útdráttur

Broskallinn. Hann virðist hafa heltekið samskipti nútímans. Það líður ekki dagur án þess að maður reki augun í nokkra broskalla. En hvað er broskall? Hverjar eru ástæður þess að við virðumst vilja nota hann í okkar samskiptum. Hvort er broskall emoji eða emoticon, eða er hann bæði?

Í þessari ritgerð svara ég þessum spurningum. Ég leita aftur í tímann að fyrstu ummerkjum um notkun hans og uppruna hans í tölvumeningu nútímans. Ég skoða samfélagslegar ástæður þess að broskallinum var tekið opnum örmum, ræði þróun hans á örfáum árum og hvernig hann flakkaði á milli menningarheima og varð að alþjóðlegu fyrirbæri. Ég fjalla um það þegar broskallinn var tekinn inn í Unicode staðalinn og styðst þar við eigið viðtal við Michael Everson tungumálasérfræðing sem vinnur hjá Unicode. Ég fjalla um hvernig almenningur taldi Apple vera með kynþáttafordóma í emoji, ástæður sem lágu að baki því og hver lausnin var. Ég velti fyrir mér áhrifum broskallsins á tungumálið og hvort það sé greinanlegur munur á kynslóðum í notkun á brosköllum, núna þegar heil kynslóð vex úr grasi sem hefur ekki lifað án þeirra. Ég leitast við að skilgreina broskallinn sem rittákn og ber hann saman við híróglýfur, hraðritunarkerfin sem notuð voru til að skrá niður mikið af upplýsingum í formi skriftákna á stuttum tíma, myndlýsingar og hefðbundin greinarmerki.

Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
1. Saga	5
1.1 Uppruni fyrir tölvuöld	5
1.2 Scott Fahlman og tilfinningatákn	7
1.3 Emoji og Unicode.....	10
2. Emoji í samfélaginu.....	14
2.1 Áhrif á tungumál.....	16
2.2 Hinn vestræni heimur og emoji	18
2.3 Hvar passar emoji inn í flokkun á skriftáknum?	20
Lokaorð.....	24
Heimildaskrá.....	25
Myndaskrá	27

Inngangur

Ég man eftir atviki á unglingsárum mínum þegar MSN var og hét. Ég var að tala við stelpu og hún spurði af hverju ég notaði aldrei broskalla þegar ég skrifaði, henni fannst það koma út eins og ég hefði ekki áhuga á því að tala við hana. Burtséð frá unglindahormónum þá hafði hún nokkuð til máls síns að segja. Flest allir jafnaldrar mínir notuðust við broskalla á samfélagsmiðlum en ég hafði tekið þá afstöðu að sleppa því, sennilega í mótþróa við að falla í „normið“ sem entist ekki lengi. Núna nota ég broskalla daglega og hef gaman af. Ég hef oft velt því fyrir mér af hverju við notum broskalla og hvar megi nota þá. Ef ég sendi tölvupóst til kennara nota ég tæpast broskall en ef ég tala við vini á fésbókinni sendi ég stundum ekkert nema broskalla. Þar kallast broskallarnir víst *emoji*. En hvað í ósköpunum er broskall, hvenær heitir hann emoji og hvenær emoticon og hvers vegna viljum við nota hann?

Í þessari ritgerð rannsaka ég broskallinn. Ég leita aftur í tímann að fyrstu ummerkjum um notkun hans og uppruna hans í tölvumeningu nútímans. Ég skoða samfélagslegar ástæður þess að broskallinum var tekið opnum örmum, ræði um skjóta þróun hans og hvernig hann flakkaði á milli menningarheima og varð að alþjóðlegu fyrirbæri. Ég fjalla um það þegar broskallinn var tekinn inn í Unicode staðalinn og styðst þar við viðtal sem ég tók við Michael Everson tungumálasérfræðing sem vinnur hjá Unicode. Ég fjalla um hvernig almenningur taldi Apple vera með kynþáttafordóma í emoji, ástæður sem lágu að baki því og hver lausnin var. Ég velti fyrir mér áhrifum broskallsins á tungumálið og hvort það sé greinanlegur munur á kynslóðum í notkun á brosköllum, núna þegar heil kynslóð vex úr grasi sem hefur ekki lifað án þeirra. Ég leitast við að skilgreina broskallinn sem rittákn og ber hann saman við híróglyfur, hraðritunarkerfin sem notuð voru til að skrá niður mikið af upplýsingum í formi skriftákna á stuttum tíma, myndlýsingar og hefðbundin greinarmerki.

Að lokum tek ég saman helstu niðurstöður. Þar mun ég freista þess að svara því hvers lags fyrirbæri broskallinn er, hvað eigi að kalla hann hverju sinni og hversu mikilvægur hann sé fyrir nútíma samskipti.

1. Saga

1.1 Uppruni fyrir tölvuöld

Almennt er litið á broskalla sem hluta af stafrænu (e. digital) formi en ef leitað er aftur í tímann, áður en tölvan varð til, koma fram ummerki um broskalla eða skyld tákni á prenti. Eitt elsta þekkta tilfallið má rekja allt aftur til ársins 1648 þar sem broskall, eins og við þekkjum hann :), kemur fram í ljóði Robert Herricks *To Fortune*.

Broskallinn kemur í enda annarrar línu ljóðsins þar sem Robert tekur fram í sviga að hann sé að brosa [sjá mynd 1, bls 6]). Þó að það sé heillandi tilhugsun að þarna sé tvípunkturinn vísvitandi settur inn þá gæti einnig verið um prentvillu að ræða, þó að í endurútgáfu af ljóðinu sé tvípunkturinn raunar enn á sínum stað.¹ Annað dæmi finnst 200 árum seinna í uppskrift af ræðu Abrahams Lincoln, þáverandi Bandaríkjaforseta. Ræðan birtist í *New York Times* 7. ágúst árið 1862. Í ræðunni ávarpar Lincoln almúgann og var hún skrifuð upp fyrir tímaritið. Í þeirri uppskrift eru viðbrögð áhorfenda sett inn í hornklofa, klöpp; hlátur; óánægja í ýmsu formi. Á einum stað í uppritinu koma viðbrögð almennings hins vegar fram inn í sviga og inni í honum, rétt eins og í ljóði Herricks, kemur skyndilega semikomma [sjá mynd 2, bls 6].² Þetta dæmi er ekki heldur ótvírætt. Það má færa rök fyrir því að prentsetjarinn hafi verið búinn með hornklofana þar sem þeir eru svo margir í ræðunni og hafi þess vegna þurft að notast við sviga í staðinn. Í báðum tilfellunum kemur út broskall en óvíst er að samtíðarmenn hafi litið svo á. Það eru ekki til nógu mörg dæmi um svipaða notkun á þessum tíma til að líta á táknið sem merkingarbært svo snemma. Í blogg færslu Ben Zimmer hjá *Lexicon Valley*, tungumálablogginu hjá vef tímaritinu *Slate*, rannsakar hann bæði tilfallin. Hann finnur mörg fleiri dæmi um semikomu og tvípunkt inni í lokuðum sviga og dregur þá ályktun að það hafi verið algengt að rithöfundar og prentsetjarar hafi staðsett tvípunkt og semikomu inni í sviga.³ Okkur sem erum vön að túlka :) sem broskalla reynist auðvelt að sjá broskalla út úr þessum dæmum en þar sem engin hefð var fyrir brosköllum á þeim tíma er líkleggra að fólk hafi lesið þetta eins og venjulegar semikommur eða tvípunkta.

¹ Robert Herrick og Alexander Balloch Grosart, *The Complete Poems of Robert Herrick*, Chatto and Windus, London, 1876, bls. 222.

² Jennifer 8. Lee, „Is That an Emoticon in 1862?“, í *City Room*, 19. janúar 2009, sótt 20. október 2014 <http://cityroom.blogs.nytimes.com/2009/01/19/hfo-emoticon/>

³ Ben Zimmer, „Sorry, That’s Not an Emoticon in a 1648 Poem :“, í *Slate*, 2014, sótt 8. desember 2014.

http://www.slate.com/blogs/lexicon_valley/2014/04/15/emoticon_robert_herrick_s_17th_century_poe_m_to_fortune_does_not_contain.html

ROBERT HERRICK

TO FORTUNE

**Tumble me down, and I will sit
Upon my ruins (smiling yet :)
Teare me to tatters ; yet I 'le be
Patient in my necessitie.
Laugh at my scraps of cloaths, and shun
Me, as a fear'd infection :
Yet scarre-crow-like I 'le walk, as one,
Neglecting thy derision.**

Mynd 1 Broskallinn í ljóði Herricks

the front of the platform and spoke as follows :

THE PRESIDENT'S SPEECH.

FELLOW-CITIZENS: I believe there is no precedent for my appearing before you on this occasion, [applause] but it is also true that there is no precedent for your being here yourselves, (applause and laughter ;) and I offer, in justification of myself and of you, that, upon examination, I have found nothing in the Constitution against. [Renewed applause.] I, however, have an impression that there are younger gentlemen

Mynd 2 Brot úr ræðu Lincolns

Árið 1881 kom út grein í Bandaríska tímaritinu Puck. Tímaritið sérhæfði sig í pólitískum teikningum og ádeilum á pólitísk málefni samtímans. Á einni síðu ritsins 30. mars kemur stuttur pistill frá prentdeild tímaritsins, titlaður: *Typographical Art*.⁴ Þar vill prentdeild tímaritsins benda á að þar starfi ekkert verri listamenn en hjá öðrum deildum tímaritsins og þeirra framlag til listheimsins séu týpógrafískar „studíur“ á tilfinningum manneskjunnar. Fjögur dæmi eru gefin: Gleði, óánægja, áhugaleysi/tómlæti og undrun (e. Joy, Melancholy, Indifference og Astonishment). Þeir segja engan höfundarrétt hvíla á þessu, þetta sé því allt lagt fram í gríni [sjá mynd 3, bls 8].⁵ Framlag þeirra þykir mér ekki vera bylting í prentmáli þar sem tillaga þeirra um broskalla nær engri fótfestu, enda var það ekki ætlunin. En framlag þeirra er þó merkilegt þar sem þarna er á ferð tilraun til að sýna svipbrigði og tilfinningar í skrifuðu máli, hundrað árum á undan sinni samtíð.

Ambrose Bierce, rithöfundur og blaðamaður sem var uppi á 19. öld, kom með tillögu að greinarmerki í ritgerð sinni, *For Brevity and Clarity* árið 1887, sem átti að lýsa tilfinningum skrifandans. Hann kallaði merkið „snigger mark“ og hafði þann tilgang að tákna kaldhæðni eða grín í texta og gat lesist sem brosandí munnur [sjá mynd 4, bls. 9].⁶

Nýlegra dæmi um broskall á prenti er ættað frá rússneska rithöfundinum Vladimir Nabokov. Í viðtali við hann í *New York Times* árið 1969 var hann spurður hvernig hann sæi sig í samanburði við samtímahöfunda sína. Nabokov svaraði á þennan hátt:

I often think there should exist a special typographical sign for a smile—some sort of concave mark, a supine round bracket, which I would now like to trace in reply to your question.⁷

1.2 Scott Fahlman og tilfinningatákn

Fyrirnefnd dæmi hafa sýnt útfærslur og tillögur að „tilfinningatáknum“ á prenti. Broskallinn braust þó ekki fram á sjónarsviðið sem almennt tákn fyrr en með tilkomu

⁴ Scott Christianson, *100 Diagrams That Changed the World: From the Earliest Cave Paintings to the Innovation of the iPod*, Plume, London, 30. október, 2012, bls. 158-159.


⁵ Scott Christianson, *100 Diagrams That Changed the World*, bls. 158-159.

⁶ Ambrose Bierce, *The Collected Works of Ambrose Bierce ...: Antepenultima* (1912), Kessinger Publishing, Bandaríkin, 2010, bls 386-387.

⁷ Keith Houston, *Shady Characters: The Secret Life of Punctuation, Symbols, and Other Typographical Marks*, W W Norton & Company, Bandaríkin, 2013, bls. 237.

TYPOGRAPHICAL ART.

We wish it to be distinctly understood that the letterpress department of this paper is not going to be trampled on by any tyrannical crowd of artists in existence. We mean to let the public see that we can lay out, in our own typographical line, all the cartoonists that ever walked. For fear of startling the public we will give only a small specimen of the artistic achievements within our grasp, by way of a first instalment. The following are from Studies in Passions and Emotions. No copyright.



Mynd 3 Pistillinn frá prentdeildinni

While reforming the language I crave leave to introduce an improvement in punctuation—the snigger point, or note of cachinnation. It is written thus \smile and represents, as nearly as may be, a smiling mouth. It is to be appended, with the full stop, to every jocular or ironical sentence; or, without the stop, to every jocular or ironical clause of a sentence otherwise serious—thus: “Mr. Edward Bok is the noblest work of God \smile .” “Our respected and esteemed \smile contemporary, Mr. Slyvester Vierick, whom for his virtues we revere and for his success envy \smile , is going to the devil as fast as his two heels can carry him.” “Deacon Harvey, a truly good man \smile , is self-made in the largest sense of the term; for although he was born great, wise and rich, the deflection of his nose is the work of his own coat-sleeve.”

Mynd 4 Texti úr bók Bierce

internetsins. Segja má að hraði internetsins og útbreiðsla hafi verið eins og olía á eldinn en þau eldsupptök má rekja til 19. desember árið 1982. Atvikið átti sér stað inni á spjallþráðum vísindasamfélags innan Carnegie Mellon háskólans í Pittsburgh, Pennsylvaníu, í Bandaríkjunum. Á þeim tíma var internetið enn ungt og aðallega notað sem samskiptamiðill milli fræðimanna. Scott E. Fahlman var einn af þátttakendum þessa samfélags og hann tók þátt í þræði þar sem um var að ræða brandara, túlkun þeirra og meðhöndlun inni á spjallþráðum. Sú staða hafði komið upp að einhverjir höfðu verið að spauga með málefni sem við kom öryggismálum skólans. Aðrir skildu ekki að um grín var að ræða og tóku því illa. Til að sporna við frekari misskilningi komu tillögur að merki eða tákni sem ætti að fylgja ef um brandara væri að ræða. Sumir lögðu til stjörnu (*), aðrir „ampersand“ merkið (&) og enn aðrir „hashtag“ (#) táknið. Þá setti Scott fram þá hugmynd að sýna brosandí andlit á hlið :-) ef þetta væri grín en fýlukall á hlið :-(ef um alvöru væri að ræða; seinni hluti tillögunnar er líklega settur fram í léttu gríni. Upprunalegu skilaboðin eru hér:

```
19-Sep-82 11:44      Scott E  Fahlman      :-)  
From: Scott E  Fahlman <Fahlman at Cmu-20c>
```

```
I propose that the following character sequence for  
joke markers:
```

```
:-)
```

```
Read it sideways.  Actually, it is probably more  
economical to mark  
things that are NOT jokes, given current trends.  
For this, use
```

```
:-( 8
```

Þessi færsla var svo að vitað sé fyrsta beina tillagan að brosköllum í skrifuðu máli, eins og þeir koma fyrir í nútímanum. Scott Fahlmann telst því höfundur broskallsins. Áhrif þessarar tillögu voru allt önnur en hin stöku dæmi um broskalla í prentmáli því að hún átti sér stað innan þess tjáningarforms sem broskallinn átti eftir að blómstra í. Fahlman leitaðist ekki eftir höfundarrétti á sínum tíma, enda skildi hann ekki fyrir en seinna hversu mikil áhrif tillaga hans hafði haft á samskipti⁹

Ritmáti Fahlmanns og þeirra sem notuðu broskalla í rituðu máli var á svokölluðu ASCII formi. ASCII stendur fyrir *American Standard Code for*

⁸ Scott E. Fahlman, „Smiley Lore :-)“, Carnegie Mellon School of Computer Science, sótt 21. október 2014, <http://www.cs.cmu.edu/~sef/Orig-Smiley.htm>

⁹ Scott E. Fahlman, „Smiley Lore :-)“.

Information Interchange og er kerfi til að birta texta á tölvutæku formi. ASCII var unnið af *American Standards Association* (ASA) og var gefið út árið 1963.¹⁰ ASCII gerði tölvum kleift að tala saman á sama tungumáli. Einföld leið til að hugsa þetta er: Tölvur tala sín á milli með númerum (1, 0) og nota síðan ASCII kóða til að túlka tölurnar í ritað mál.

Internetið breiddist hratt út og broskallinn flaut með og innan fárra ára var broskallinn kominn yfir til Japans. Hugtakið broskall var þá komið með nafn, bæði í Japan og Bandaríkjunum. Í Bandaríkjunum er hann kallaður *emoticon* (e. emotion + icon)¹¹ en í Japan *kaomoji* (顔, kao, andlit + 文, mo, skrift + 字, ji, e. character, andlit/tilfinning)¹². Japanir þróuðu ný tilbrigði við broskallaformið; áður hafði form hans verið svipað og Fahlmann lagði til fyrst, samansett úr 2-4 táknum, en Japanir komu með flóknari form sem áttu að tákna flóknari tjáningu og það þýddi fleiri tákni fyrir hvern broskall. Upp úr því fór fólk að skilgreina broskalla í vestræna og austræna.¹³ Vestræni broskallinn einkennist af því að hann liggur á hlið og svipbrigðin má helst lesa frá munnstöðinni: :) :D :) :O. Austræna broskallinn les maður hins vegar lóðrétt og svipbrigðin lesast helst út frá augunum: (^_^ ~ ~ ° ~ ~ ~". Japanski samfélagssálfræðingurinn (e. social psychologist) Yuki Masaki hefur sett fram skýringu á þessu. Samkvæmt hans rannsóknum leggja Ameríkanar meiri áherslu á munninn í mannlegum samskiptum en Japanir horfa meira á augun. Það gæti tengt því að Japanir leggi áherslu á að halda aftur af tilfinningum í samskiptum en Ameríkanar leggi frekar áherslu á tilfinningaríka tjáningu í sínum samskiptum.¹⁴

1.3 Emoji og Unicode

Árið 1999 kom út fyrsta farsímakerfið sem gerði notendum sínum kleift að komast á internetið. Þar var meðal annars hægt að skoða tölvupóst og fara í leiki en

¹⁰ Mary Brandel, „1963: The debut of ASCII“, í *CNN*, 1999, sótt 8. desember 2014, <http://edition.cnn.com/TECH/computing/9907/06/1963.idg/>

¹¹ *Frequently Asked Questions: Emoji and Dingbats*, The Unicode Consortium, sótt: 21. nóvember 2014, http://www.unicode.org/faq/emoji_dingbats.html

¹² „Kaomoji“, *Wikipedia, the free encyclopedia*, 2014, sótt 8. desember 2014, <http://en.wikipedia.org/w/index.php?title=Kaomoji&oldid=635350002>

¹³ Kenji Araki, Michal Ptaszynski, Rafal Rzepka og Yoshio Momouchi, „Research on Emoticons: Review of the Field and Proposal of Research Framework“, conference paper, 20. maí 2014, bls. 1160.

¹⁴ Yuki Masaki; William M. Maddux, Takahiko Masuda, „Are the windows to the soul the same in the East and West? Cultural differences in using the eyes and mouth as cues to recognize emotions in Japan and the United States“, í *Journal of Experimental Social Psychology*, 43. árgangur, 2. tölublað, 2. mars 2007, bls. 304.

gagnafærslugetan var enn mjög takmörkuð, um 9,6 kílóþæti á sekúndu;¹⁵ venjuleg afköst nettengingar þess tíma í heimilistölvu voru 56 kílóþæti á sek. Magn upplýsinga í símann var því takmarkað en kostnaðurinn lítill miðað við internet í heimilistölvum þannig að kerfið sló í gegn.¹⁶ Kerfið hét *iMode* og kom út í Japan frá *NTT Docomo*, fyrirtæki sem leiddi farsímaþjónustu þess tíma. *iMode* náði ótrúlegri dreifingu á örstuttum tíma, eða tæpum 15 prósentum markaðarins (20 milljónum notenda) á aðeins 2 árum.¹⁷ Maður að nafni Shigetaka Kurita sá tækifæri til að nýta vinsældir kaomoji við hönnun *iMode*. Hann sá samt að tákni á borð við kaomoji hentuðu notendum illa þar sem að þau voru samansett úr mörgum stöfum og þar sem stærð skilaboða var takmörkuð þurftu notendur að geta nýtt plássið.¹⁸ Lausnin var hins vegar til. *Docomo* hafði áður slegið í gegn (upp úr 1995) þegar fyrirtækið bauð upp á að senda hjartatákn á milli friðþjófa (e. Pager). Friðþjófarnir voru upprunanlega hannaðir með viðskiptalífið í huga en slógu í gegn hjá ungu kynslóðinni þar sem þeir voru fyrsta tækið til að veita japönskum ungmönnum næði til samskipta í þröngum íbúðum stórborga Japans.¹⁹ Snilldin við hjartatáknið fólst ekki einungis í að það höfðaði til ungmenna, var það einnig forritað á sama hátt og japönsku skriftáknið; flókin form sem tóku aðeins eitt bæti í skilaboðunum, voru nánast send sem litlar myndir. Tákn sem eru hugsuð á þann veg eru kölluð *emoji*. *Emoji* stendur fyrir mynd (e. 絵), skrift (mo, 文) og tilfinning/andlit (ji, 字, e. character).²⁰

Rafræn skilaboð eins og í sms, tölvupósti og skilaboð með friðþjófum féllu illa að hefðbundinni japanskri samskiptamenningu á þessum tíma. Shigeta Kurita segir í viðtali við rafræna tímaritið *The Verge* að það sé venja hjá Japönum að skrifa langar og ítarlegar færslur, mun lengri en gengur og gerist í smáskilaboðum, í bréfum sínum og bókum.²¹ Það er ein ástæða þess að Kurita lagði mikla áherslu á að tákni á borð við *emoji* væru búin til fyrir *iMode*. Í viðtalinu segir Kurita jafnframt að japanska tungumálið sé frábrugðið vestrænum tungumálum að því leyti að orð geta þýtt

¹⁵ John Mullins, „iMode – A case study“, *Venture Navigator*, júlí 2007, sótt 18. október 2014, http://www.venturenavigator.co.uk/content/imode_case_study

¹⁶ John Mullins, „iMode – A case study“.

¹⁷ John Mullins, „iMode – A case study“.

¹⁸ Jeff Blagdon, „How Emoji Conquered the World: The story of the smiley face from the man who invented it“, í *The Verge*, 4. mars 2013, sótt 23. október 2014, <http://www.theverge.com/2013/3/4/3966140/how-emoji-conquered-the-world>

¹⁹ Tamiko Lippit, „Japan Teens Flip for Private Pagers“, í *The New York Times*, 10. apríl 1995, sótt 23. október 2014, <http://www.nytimes.com/1995/04/10/news/10iht-bellcon.ttt.html>

²⁰ *Frequently Asked Questions: Emoji and Dingbats*, The Unicode Consortium.

²¹ Jeff Blagdon, „How Emoji Conquered the World“.

mismunandi hluti eftir því hvernig þú berð þau fram.²² Það þykir því vandasamt að vita hvað orð þýða ef þau hafa lítið samhengi sér til stuðnings. Emoji áttu að vera mannlegt innskot til hjálpar við túlkun á textaskilaboðunum. Shigetaka lagði til að Docomo teiknaði 176 tákn fyrir iMode og færði yfir í textakerfið þeirra. Hjá Docomo vildi enginn leggja tíma í þetta þannig að þeir sögðu honum að gera þetta sjálfur og ef þeim líkaði við það þá mundu þeir íhuga að innleiða það í kerfið.²³ Shigetaka vann broskallana á 12x12 pixla formi [sjá mynd 5, bls 13] og sótti innblástur í ríka sögu teiknimyndalistar Japana (jp. manga).²⁴ 22. febrúar 1999 kom iMode fram á sjónarsviðið og tveimur árum síðar höfðu 20 milljónir Japana aðgang að emoji.²⁵

Í kjölfar vinsælda iMode sáu önnur farsímafyrirtæki sér engra annara kosta völu en að fylgja fordæmi iMode og bjóða upp á emoji í sínum símkerfum. Þessu fylgdu kostir og gallar. Kosturinn var sá að með samkeppni á markaðnum gátu notendur valið sér fyrirtæki sem mætti þeirra þörfum. Ókosturinn var hins vegar sá að þegar fyrirtækin gerðu emoji fyrir sín kerfi þá skildust táknin ekki á milli kerfa, þ.e. tákn sent úr síma eins símafyrirtækis birtist sem annað tákn hjá öðru símafyrirtæki eða hreinlega birtist ekki.²⁶ Árið 2006 höfðu vinsældir emoji breiðst um heiminn og Google ákvað að innleiða hluta táknanna inn í Gmail þjónustu sína.²⁷ Google fékk í lið með sér Unicode-stofnunina sem safnar saman rafrænum formum rittákna heimsins og setur undir einn hatt til þess að hægt sé að senda upplýsingar á milli kerfa án þess að þau misskilji hvort annað.²⁸ Nokkrum árum áður, árið 2000, hafði verið lagt til hjá Unicode að innleiða emoji inn í staðalinn en tillagan fékk lítinn meðbyr, m.a. vegna þess að meðlimir Unicode höfðu takmarkaða trú á að emoji breiddust út og japönsku símafyrirtækin höfðu lítinn áhuga á að aðstoða við forritunina.^{29,30} Í framhaldi af samstarfinu við Google lagði Unicode til að innleidd yrðu mun fleiri emoji inn í kerfið. Það var samþykkt árið 2007 og undirnefnd stofnuð sem átti að sjá

²² Jeff Blagdon, „How Emoji Conquered the World“.

²³ Jeff Blagdon, „How Emoji Conquered the World“.

²⁴ Jeff Blagdon, „How Emoji Conquered the World“.

²⁵ John Mullins, „iMode – A case study“.

²⁶ *Emoji and the Levitating Businessman – Computerphile*, Youtube, 9. júlí 2014, sótt. 20. nóvember 2014, https://www.youtube.com/watch?v=ITwM5GDIAI&feature=youtube_gdata_player

²⁷ Solyanik, Sergey, „Group Chat and Rich Emoticons Now Available in Gmail Chat“, í *Official Gmail Blog*, 28. nóvember 2007, sótt 22. nóvember 2014, <http://gmailblog.blogspot.com/2007/11/group-chat-and-rich-emoticons-now.html>

²⁸ *What is Unicode*, The Unicode Consortium, sótt: 21. nóvember 2014, <http://www.unicode.org/standard/WhatIsUnicode.html>

²⁹ Graham Asher, „NTT DoCoMo Pictographs“, The Unicode Consortium, 26. apríl 2000, sótt 21. nóvember 2014, <http://www.unicode.org/L2/L2000/00152-pictographs.txt>

³⁰ *Emoji and the Levitating Businessman – Computerphile*, Youtube.



Mynd 5 Hluti af upprunalegu emoji iMode

um tákinn.³¹ Þegar Apple setti iPhone á markaðinn í Japan árið 2007 voru emoji orðin órjúfanlegur hluti af samskiptamenningu Japana og því ákvað Apple að láta emoji fylgja með í stýrikerfinu Os 2, sem var einungis fyrir notendur með japönsk sim-kort. Þegar Apple kynnti Os 5 stýrikerfið árið 2011 ákváðu þeir að leyfa aðgang að emoji í öllum símum og með því varð sprenging í notkun á emoji í vestræna heiminum.³²

2. Emoji í samfélaginu

Núna er erfitt að komast hjá því að taka eftir brosköllunum sem eru alls staðar í samfélaginu. Í ritgerð sinni um mismunandi notkun kynslóðanna á emoticon minnst Tyler Schnoebelen á að 9.7% af bandarískum tístum innihaldi að minnsta kosti eitt emoticon,³³ en Twitter hefur nú breytt emoticon í emoji hjá sér, eins og flestir samskiptamiðlar eru farnir að gera. Á síðunni emojitracker.com er hægt að sjá í rauntíma hversu mörg emoji fara um twitter á hverri stundu.³⁴ Árið 2009 setti Fred Benenson af stað Kickstarter sjóð til að geta gefið út bókina *Emoji Dick*,³⁵ sem er þýðing á meistaraverki Herman Melville, *Moby Dick*, eingöngu með emoji [sjá mynd 6, bls. 15]. Emoji hafa meira að segja náð að koma sér fyrir á vegamerkingum.³⁶ Vinsældir emoji eru því óumdeilanlegar en hvaðan kemur þörfin til að nota þau?

Broskallar komu fyrst fram í samskiptum, í þeim hópi samskipta sem flokkast undir smáskilaboð eða örskilaboð (e. instant messaging). Samskipti af því tagi komu fram rétt fyrir aldamótin síðustu í kjölfar aukinnar notkunar á tölvum. Þar sem emoji eru tiltölulega ný eru áhrif þeirra á mannleg samskipti fyrst að koma í ljós núna og tungumálafræðingar eru nýbyrjaðir að rannsaka áhrifin; einkum núna þegar heil kynslóð vex úr grasi sem þekkir ekki að vera án þeirra.

³¹ Mark Davis og Peter Edberg, *Unicode emoji: Proposed draft Unicode technical report #51*, The Unicode Consortium, 16. nóvember 2014, sótt 21. nóvember 2014, <http://www.unicode.org/reports/tr51/>





³² *Emoji and the Levitating Businessman – Computerphile*, Youtube.

³³ Tyler Schnoebelen, „Do You Smile with Your Nose? Stylistic Variation in Twitter Emoticons“, *University of Pennsylvania*, í *Working Papers in Linguistics*, 18. árgangur, 2. tölublað, 14. grein, 2012, bls 117.

³⁴ Matthew Rothenberg, *Emoji tracker*, 4. júlí 2013, sótt 20. október 2014, <http://www.emojitracker.com/>

³⁵ Fred Benenson, *Emoji Dick*, Kickstarter, 19. september 2009, sótt 20. október 2014, <https://www.kickstarter.com/projects/fred/emoji-dick>

³⁶ Skapti Hallgrímsson, *Hraðamælir*, myndasafn mbl.is, 25. mars 2006, sótt 2. desember 2014, <http://www.mbl.is/myndasafn/mynd/156997/>

<p>Call me Ishmael.</p> <p>Some years ago--never mind how long precisely--having little or no money in my purse and nothing particular to interest me on shore I thought I would sail about a little and see the watery part of the world.</p>	
<p>It is a way I have of driving off the spleen and regulating the circulation.</p>	
<p>Whenever I find myself growing grim about the mouth; whenever it is a damp drizzly November in my soul; whenever I find myself involuntarily pausing before coffin warehouses and bringing up the rear of every funeral I meet; and especially whenever my hypos get such an upper hand of me that it requires a strong moral principle to prevent me from deliberately stepping into the street and methodically knocking peoples hats off--then I account it high time to get to sea as soon as I can.</p>	
<p>This is my substitute for pistol and ball.</p>	

Mynd 6 Uppsetning á Emoji Dick

2.1 Áhrif á tungumál

Bandaríski málvísindamaðurinn John McWorther hefur rannsakað áhrif smáskilaboða á samskipti okkar. Í fyrirlestri sem hann hélt á TED-samkomu í febrúar árið 2013 fjallaði hann um rannsóknir sínar. Hann sagði smáskilaboðin hafa fengið á sig mikla gagnrýni og yfirleitt væri litið á þau sem óæðri, ómerkilega tjáningu. Hans sýn á smáskilaboðin er þó fremur sú að þau væru dæmi um þróun tungumálsins.³⁷ McWorther sagði í ræðu sinni: „*texting* er ekki skrift“ heldur „skrifað tal“ (e. fingered speech), nokkuð sem hefði ekki verið mögulegt nema með tilkomu nútímataækni:

Once you have things in your pocket that can receive that message, then you have the conditions that allow that we can write like we speak. And that's where texting comes in. And so, texting is very loose in its structure. No one thinks about capital letters or punctuation when one texts, but then again, do you think about those things when you talk? ... What texting is, despite the fact that it involves the brute mechanics of something that we call writing, is fingered speech. That's what texting is. Now we can write the way we talk.³⁸

Að skrifa talmál breytir ritmáli, bæði uppbyggingu þess og stíl. Raunar eru smáskilaboð aldrei nákvæmlega eins og tal, en að mati McWorther líkjast þau því talsvert meira en ritmál. McWorther sagði jafnframt að „málfræðingar hafa sýnt fram á að þegar við tölum óformlega án þess að velta fyrir okkur of mikið hvað við erum að segja, þá eigum við til að tala í stuttum setningum sem innihalda 7-10 orð“.³⁹ Inn í þessa skilgreiningu passa smáskilaboðin vel þar sem lengd þeirra og tíminn sem fer í að svara skiptir máli. Þegar við tölum, tölum við ekki einungis með orðum; líkamsbeiting og andlitsbrigði skipta máli í samtalinu. Rétt eins og sálfræðingurinn Yuki Mazaki minntist á lesum við mikið í andlit til að hjálpa okkur við túlkun á samtali⁴⁰. Þar passa emoji vel inn í og því mætti segja að þróun slíkra tákna hafi verið óhjákvæmileg þar sem þau eru nauðsynleg ef skrif eiga að ná sömu dýpt og mælt mál.

³⁷ John McWorther, *Txtng Is Killing Language. JK!!!*, TED, febrúar 2013, sótt 11. nóvember 2014, http://www.ted.com/talks/john_mcwhorter_txtng_is_killing_language_jk

³⁸ John McWorther, *Txtng Is Killing Language. JK!!!*.

³⁹ John McWorther, *Txtng Is Killing Language. JK!!!*.

⁴⁰ Yuki Masaki; William M. Maddux og Takahiko Masuda, „Are the windows to the soul the same in the East and West? Cultural differences in using the eyes and mouth as cues to recognize emotions in Japan and the United States“, í *Journal of Experimental Social Psychology*, 43. árgangur, 2. tölublað, 2. mars 2007, bls. 303.

John McWorther minntist á mikilvægan punkt í lokin á fyrirlestri sínum: „Við erum að verða vitni að algjörlega nýrri leið til að skrifa sem ungt fólk er að þróa með sér“.⁴¹

Ef ungt fólk er helsti drifkraftur þróunar á talskrift þá má gera ráð fyrir að eldri kynslóðir eigi erfiðara með að tileinka sér þessa gerð samskipta. Málfræðingurinn Tyler Schnoebelen gerði rannsókn á mismunandi notkun fólks á emoticon-brosköllum. Hann tók saman 28 algengustu gerðir broskallanna í bandarískum tístum (e. tweets) og gerði meðal annars greinarmun á milli þess hvort fólk sýndi nef :-) eða ekki nef :). Schnoebelen komst að þeirri niðurstöðu að:

In fact, people who use noses don't seem to abbreviate, misspell, or make typos as often. So the noseless people have longer messages despite the fact that the non-nose users are spelling things out and avoiding expressive lengthening⁴²

Hann gerði einnig rannsókn á því hvert tístunum var beint og í hvaða samhengi broskallarnir væru, með eða án nefja. Þegar tístunum var beint að stórstjörnum (e. celebrities) sást að „þeir sem sleppa nefi í sínum brosköllum hallast meira að stjernudýrkun“⁴³, nánar til tekið ungum stjörnum. Fólk sem notar nef í sína broskalla tístir að vísu að stjörnum, en í minna mæli og þá frekar að eldri stjörnum eða þeim sem höfða jafnan til eldri aðdáenda.⁴⁴ Af þessu dregur Schnoebelen þá ályktun að fólk sem notar broskalla með nefi sé eldra en fólk sem notar ekki nef. Benda má á að fólk sem notar broskalla með nefi notast þar með við elstu gerð broskalla sem varð til með tölvupóstinum hans Fahlmans á meðan fólk sem notar neflaus broskalla velur broskalla sem eru nýrri af nálinni.⁴⁵

Staðsetning emoji í setningum virðist fylgja ýmsum óskráðum reglum. Í grein í tímaritinu *Time* frá því í júlí á þessu ári er fjallað um óskrifuðu reglurnar. Þar er vitnað í fyrrnefndan Tyler Schnoebelen, þann sem gerði nefkönnunina. Samkvæmt hans rannsóknum hefur broskallinn verið settur í lok setningar allt frá tölvupósti Fahlman til nútímans.⁴⁶ Schnoebelen fjallar einnig um aðrar reglur sem hann hefur séð eftir að hafa rannsakað ógrynni tísta. Hann komst að því að emoji-tákn fyrir andlit koma fyrst, í röð eða runu emoji tákna, áður en önnur tákn eins og flugvél eða hjarta eru sett fram,

⁴¹ John McWorther, *Txtng Is Killing Language. JK!!!*.

⁴² Tyler Schnoebelen, „Do You Smile with Your Nose?“, bls. 123.

⁴³ Tyler Schnoebelen, „Do You Smile with Your Nose?“, bls. 123.

⁴⁴ Tyler Schnoebelen, „Do You Smile with Your Nose?“, bls. 124.

⁴⁵ Tyler Schnoebelen, „Do You Smile with Your Nose?“, bls. 124..

⁴⁶ Katy Steinmetz, „Here Are Rules of Using Emoji You Didn't Know You Were Following“, í *Time*, 17. júlí 2014, sótt 18. nóvember 2014, <<http://time.com/2993508/emoji-rules-tweets/>>

þ.e. tilfinningin kemur fyrst [sjá mynd 7, bls 19].⁴⁷ Hann komst einnig að því að í lengri runum af emoji-táknum eru þau lesin línulega, þ.e. röð tákanna skiptir máli.⁴⁸ Táknin eru því lesin eins og orð í setningum. Reglurnar sem hann minnst á eru hins vegar ekki ófrávíkjanlegar. Emoji er enn svo nýtt fyrirbæri að fólk er að prófa sig áfram með notkun og hinar óskráðu reglur eru að mótast.

2.2 Hinn vestræni heimur og emoji

Greiður aðgangur almennings að emoji í iPhonesímum Apple olli mikilli aukningu á notkun þeirra í heiminum en önnur snjallsímafyrtækni fylgdu svo í kjölfarið, t.d. Android árið 2013.⁴⁹ Þar sem iPhone var fyrsti snjallsíminn á vestræna markaðnum sem bauð upp á emoji, þá hefur orðið til sú flökkusögn að Apple hafi búið til emoji.⁵⁰ Apple hefur því fengið margar fyrirspurnir um af hverju það vantaði tákn fyrir páskaegg hjá þeim en það var til tákn fyrir kadomatsu, japanska plöntuskreytingu sem er sett upp til að fagna nýju ári, og eins vantaði tákn fyrir „taco“ en tákn fyrir bento box (japanskt nestisbox) væri inni.⁵¹ Erfiðasta gagnrýnin snerist um val á táknum sem sýndu mismunandi kynþætti og hvers vegna það væru nánast eingöngu til tákn sem sýndu fólk af hvítum kynstofni. Umtalið gekk svo langt að stjórnur á borð við Miley Cyrus tístu undir þræðinum (hashtag) #emojiethnicityupdate [sjá mynd 8, bls 19]⁵² og mikill þrýstingur myndaðist á Apple að auka við táknin. Vandinn lá þó aldrei hjá Apple sem sér ekki um að búa til ný emoji, ný emoji verða til hjá Unicode. Apple getur beðið um ný tákn eins og aðrir en þá þurfa táknin að vera samþykkt af nefnd sem ákveður hvaða tákn eru nógu mikilvæg til að komast inn í kerfið sem Apple, Android, Google og allir aðrir notast við.

Ég spurði tungumálasérfræðinginn Michael Everson um þetta mál þar sem ég vissi að hann hefði unnið fyrir Unicode við innleiðslu emoji. Hann sagði: „Apple gerði þau mistök að lita táknin [sem þau unnu ofan á táknin frá Unicode] fyrir mömmuna og pabbann, ömmuna og afann og litla strákin og litlu stelpuna, auk

⁴⁷ Katy Steinmetz, „Here Are Rules of Using Emoji You Didn't Know You Were Following“.

⁴⁸ Katy Steinmetz, „Here Are Rules of Using Emoji You Didn't Know You Were Following“.

⁴⁹ Elyse Betters, „Google adds SMS to Hangouts Android app, Emoji to KitKat keyboard“, í *Pocket-lint*, 7. nóvember 2013, sótt 23. nóvember 2014, <http://www.pocket-lint.com/news/124960-google-adds-sms-to-hangouts-android-app-emoji-to-kitkat-keyboard>

⁵⁰ *Emoji and the Levitating Businessman – Computerphile*, Youtube.

⁵¹ *Emoji and the Levitating Businessman – Computerphile*, Youtube.

⁵² Abby Phillip, „Emoji's race problem may finally be going away“, í *The Washington Post*, 4. nóvember 2014, sótt 11. nóvember 2014, <<http://www.washingtonpost.com/news/the-intersect/wp/2014/11/04/emojis-race-problem-may-finally-be-going-away/>

@AberUni Can't believe we've finally graduated! 🥰 Thanks for a brilliant day. ❤️❤️❤️❤️❤️❤️ #goodbyeaber 🙌

—Rosie@rosie_ellen93

Mynd 7 Dæmi um venjulega notkun á emoji



A screenshot of a tweet from Miley Ray Cyrus (@MileyCyrus). The tweet text reads: "RT if you think there needs to be an #emojiethnicityupdate". The tweet has 5,609 retweets and 2,024 favorites. Below the statistics is a row of ten profile pictures of users who interacted with the tweet. The tweet is dated 7:05 PM on 18 Dec 12. The interface includes a profile picture of Miley Ray Cyrus, her name with a verified badge, her handle @MileyCyrus, and a 'Follow' button.

Miley Ray Cyrus ✓
@MileyCyrus

Follow

RT if you think there needs to be an
#emojiethnicityupdate

Reply Retweet Favorite More

5,609 RETWEETS 2,024 FAVORITES

7:05 PM - 18 Dec 12 · Embed this Tweet

Mynd 8 Tíst Miley Cyrus

annara tákna; þau lituðu þau bleik!“⁵³. Þess vegna virtist Apple vera með kynþáttamismunun. Í nýjstu uppfærslu Unicode, sem er í vinnslu, er kynþáttamálefnið tekið fyrir. Þar eru kynntir til sögunnar litaðir plástrar (e. patches) sem hægt verður að bæta við emoji svo að þeir sýni mismunandi kynþætti [sjá mynd 9, bls. 21].⁵⁴

Það má þó efast um gildi þess að setja kynþætti í emoji. Einfaldast væri líklega að sneiða algjörlega framhjá kynþætti eða eins og Michael Everson orðaði það í viðtalinu: „höfum þá gula, gráa, bláa, allt annað en mannlega! Við höfum ekkert að gera með það að geta sent þumalputta af blökkumanni í staðinn fyrir þumalputta af hvítum manni, það er ekkert vit í því! Við ættum að reyna að halda táknumum eins fáum og við getum.“⁵⁵

Michael Everson nefnir í framhaldi af þessu að „það hafi ekki allir tekið undir kynþáttaáhyggjur Bandaríkjamanna á seinasta fundi í Sri Lanka, það finnst ekki öllum þetta vera vandamál“.⁵⁶

2.3 Hvar passar emoji inn í flokkun á skriftáknum?

Ef við lítum á emoji sem skriftákn getur verið erfitt að ímynda sér í hvaða flokki þau eiga heima. Hægt er að segja að þau séu alveg nýr flokkur skriftákna en það er líklega einföldun. Emoji á margt sameiginlegt með táknum sem eru nú þegar til. Kerfi eins og myndletur (e. logogram), hraðskriftarkerfi, greinarmerki, myndlýsingar og tákmyndir (e. pictogram).

Ef við lítum á skriftákn á borð við myndletur, t.d. myndletur Egypta [sjá mynd 10, bls. 21], fleygrúnir Babýlóníumanna eða kínversk leturtákn, þá virðist emoji eiga margt sameiginlegt með þeim þar sem í öllum tilvikum eru litlar myndir notaðar sem skriftákn. Ég spurði Michael Everson út í möguleg tengsl en hann telur þau óveruleg. Í upphafi hafi hlutverkin að einhverju leyti verið þau sömu, þegar myndirnar stóðu fyrir hlut, en tengslin hverfa þegar myndletur hættir að vera myndir af hlutum, fólk hætti að nota táknið sem myndir og fór að tengja hljóð við þau. Með tímanum þróaðist það síðan yfir í stafróf nútímans. Emoji voru hins vegar búin til af mönnum í Japan sem vantaði myndir af ýmsum hlutum.⁵⁷

⁵³ Viðtal við Michael Everson (21. Nóvember 2014).

⁵⁴ *Frequently Asked Questions: Emoji and Dingbats*, The Unicode Consortium.

⁵⁵ Viðtal við Michael Everson (21. Nóvember 2014).

⁵⁶ Viðtal við Michael Everson (21. Nóvember 2014)..

⁵⁷ Viðtal við Michael Everson (21. Nóvember 2014)..



Mynd 9 Útskýring á plástrunum



Mynd 10 Egypskt myndletur

Tengslin eru því ekki nógu sterk til að hægt sé að flokka emoji með myndletrum. Robert Bringhurst minnst á í ritgerðinni sinni *The solid form of language* að þeir sem kunna að lesa kínverska skrift (kín. hanzi, 漢字) sjái stafina ekki sem myndir, en ólærðir einstaklingar túlki táknið frekar þannig.⁵⁸ Bringhurst segir einnig að skrif séu í eðli sínu ómyndræn eða óhlutbundin (e. abstract).⁵⁹ Hann vitnar í fræga setningu eftir leturhönnuðinn Eric Gill: „Letters are things, not pictures of things.“⁶⁰

Ef við berum saman emoji og greinarmerki má sjá margt sameiginlegt, sérstaklega þegar haft er í huga að fyrirrennari emoji, emoticon, grundvallast á greinarmerkjatáknum. Almenn skilgreining á greinarmerkjatáknum er að þau séu ætluð til að auka skýrleika í skrifuðu máli en þau hafa yfirleitt enga eiginlega merkingu í sjálfu sér.⁶¹ Þegar Fahlman lagði til broskallana í tölvupóstinum sínum þá var ætlunin einmitt að gera táknið sem hjálpaði til við skýringu textans. Emoji standa hins vegar ávallt fyrir eitthvað ákveðið og þar liggur munurinn.

Emoji eiga einnig margt sameiginlegt með hraðritunarkerfum. Hraðritunarkerfi komu til þegar miðla þurfti miklum upplýsingum í flýti, t.d. þegar fréttamenn voru að taka viðtöl áður en upptökutæknin kom fram. Í tilfalli emoji var hvatinn takmörkun á stærð smáskilaboða og sú staðreynd að samskiptin áttu sér stað á svipuðum hraða og venjulegt tal.⁶² Emoji grundvallast á táknum sem eru auðþekkt út um allan heim og því er auðvelt að koma sér inn í það kerfi, það greinir emoji frá eldri hraðritunarkerfum eins og kerfi Isaac Pitman sem hann gaf út árið 1837 [sjá mynd 11, bls. 23] en þau voru ólásileg þeim sem ekki höfðu lært þau.⁶³

Ef við berum emoji saman við hefðbundnar myndlýsingar í texta má finna mörg samkenni. Í hefðbundnum myndskreyttum bókum er leitast við að myndirnar bæti upplýsingum við texta, séu til skreytingar, séu viðbót eða veiti ákveðna tilfinningu.⁶⁴

⁵⁸ Robert Bringhurst, *The Solid Form of Language: An Essay on Writing and Meaning*, Gaspereau Press 2004, bls. 16.

⁵⁹ Robert Bringhurst, *The Solid Form of Language*, bls. 16.

⁶⁰ Robert Bringhurst, *The Solid Form of Language*, bls. 16.

⁶¹ Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal. *Handbók um ritun og frágang. Mál og menning, kafli 7*, 2010, sótt 24. nóvember 2014, <http://www.fsh.is/files/2115065291Handb%C3%B3k%20um%20ritun%20og%20fr%C3%A1gang,%20kafli%208.ppt>

⁶² John McWorther, *Txtng Is Killing Language. JK!!!*.

⁶³ Isaac Pitman, *Isaac Pitman's Shorthand Instructor a Complete Exposition of Isaac Pitman's System of Phonography / by Isaac Pitman*. New and revised edition, Isaac Pitman & Sons, formáli bls V.

⁶⁴ Zhihui Fang, *Illustrations, Text, and the Child Reader: What are Pictures in Children's Storybooks for?*, í *Reading Horizons*, 37. árgangur, 2. útgáfa, 3. grein, 12. desember 1996, bls. 131, sótt 2. desember 2014, http://scholarworks.wmich.edu/cgi/viewcontent.cgi?article=1280&context=reading_horizons

66
 67
 68
 69
 70
 71
 72
 73
 74
 75
 76
 77
 78
 79
 80
 81
 82
 83
 84
 85
 86
 87
 88
 89
 90
 91
 92
 93
 94
 95
 96
 97
 98
 99
 100

www.long-live-pitmans-shorthand.org.uk

Mynd 11 Hraðritunarkerfi Pitmans

Hlutverk emoji er því vissulega líkt hlutverki myndlýsinga en það sem skilur helst á milli er að emoji er notað í smáskilaboðum sem, eins og John McWorther minntist á, flokkast fremur sem skrifað tal, þ.e. emoji ná aldrei að verða jafn nákvæm og myndlýsing þar sem emoji þurfi að geta virkað í mörgum mismunandi tilfellum og tungumálum.

Unicode hefur engan sérstakan undirflokk fyrir emoji. Þau eru ýmist flokkaðir sem „Miscellaneous Symbols and Pictographs“, „emoticon“, „Transport and Map Symbols“ eða „Dingbats and Technical Symbols“.⁶⁵ Enn á því eftir að finna emoji samastað en fyrst það er til flokkur fyrir emoticon má gera ráð fyrir að þess sé skammt að bíða.

Lokaorð

Hvar stöndum við þá með broskallinn? Er hann emoticon eða emoji eða er þetta sami hluturinn? Orðin þýða í rauninni það sama en við höfum skilgreint muninn þannig að emoticon sé :) en emoji ☺. Við lifum á tíma hraðrar þróunar. Á örfáum árum hafa tölvur færst frá borðunum í lófana. Heimurinn fer síminnkandi með útbreiðslu internetsins og ekki er óvænt að það hafi áhrif á samskipti með margvíslegum hætti, m.a. nýjum rittáknum. Broskallinn auðveldar samskipti á nýjum tímum. Þegar innileg samskipti eiga sér ekki lengur aðeins stað milli fólks sem sér hvert annað heldur getur fólk spjallað heimshorna á milli á leifturhraða er engan veginn óeðlilegt að við höfum samt haldið í það mannlega, í formi tákna fyrir tilfinningar. Scott Fahlman hefði örugglega ekki órað fyrir því að broskallatillagan hans til að fyrirbyggja misskilning á vinnustað hefði slík áhrif. En samt mætti segja að þetta hafi legið í loftinu. Breyttar aðstæður kröfðust þess að tákn á borð við broskallinn yrðu til. Óhætt er að segja að hann hafi haft ýmis jákvæð áhrif á samskipti og því má segja að Fahlmann hafi hitt naglann á höfuðið. Hvert framhald tákna er er óvíst að segja, þau eru svo ný af nálinni og í hraðri þróun að það í rauninni veit það enginn, en það verður spennandi að fylgjast með því.

⁶⁵ *Frequently Asked Questions: Emoji and Dingbats*, The Unicode Consortium.

Heimildaskrá

- „Kaomoji“, *Wikipedia, the free encyclopedia*, 2014, sótt 8. desember 2014, <http://en.wikipedia.org/w/index.php?title=Kaomoji&oldid=635350002>
- Asher, Graham, „NTT DoCoMo Pictographs“, The Unicode Consortium, 26. apríl 2000, sótt 21. nóvember 2014, <http://www.unicode.org/L2/L2000/00152-pictographs.txt>
- Ben Zimmer, „Sorry, That’s Not an Emoticon in a 1648 Poem :(“, *Slate*, 2014, sótt 8. desember 2014. http://www.slate.com/blogs/lexicon_valley/2014/04/15/emoticon_robert_herrick_s_17th_century_poem_to_fortune_does_not_contain.html
- Benenson, Fred, *Emoji Dick*, Kickstarter, 19. september 2009, sótt 20. október 2014, <https://www.kickstarter.com/projects/fred/emoji-dick>
- Bettors, Elyse, „Google adds SMS to Hangouts Android app, Emoji to KitKat keyboard“, *Pocket-lint*, 7. nóvember 2013, sótt 23. nóvember 2014, <<http://www.pocket-lint.com/news/124960-google-adds-sms-to-hangouts-android-app-emoji-to-kitkat-keyboard>
- Bierce, Ambrose, *The Collected Works of Ambrose Bierce ...: Antepenultima* (1912), Kessinger Publishing, Bandaríkin, 2010.
- Blagdon, Jeff, „How Emoji Conquered the World: The story of the smiley face from the man who invented it“, *The Verge*, 4. mars 2013, sótt 23. október 2014, <http://www.theverge.com/2013/3/4/3966140/how-emoji-conquered-the-world>
- Brandel, Mary, „1963: The debut of ASCII“, *CNN*, 1999, sótt 8. desember 2014, <http://edition.cnn.com/TECH/computing/9907/06/1963.idg/>
- Bringhurst, Robert, *The Solid Form of Language: An Essay on Writing and Meaning*, Gaspereau Press, Kentville, Nova Scotia, 2004.
- Christianson, Scott, *100 Diagrams That Changed the World: From the Earliest Cave Paintings to the Innovation of the iPod*, Plume, London, 30. október, 2012.
- Davis, Mark og Peter Edberg, *Unicode emoji: Proposed draft Unicode technical report #51*, The Unicode Consortium, 16. nóvember 2014, sótt 21. nóvember 2014, <http://www.unicode.org/reports/tr51/>
- Emoji and the Levitating Businessman – Computerphile*, Youtube, 9. júlí 2014, sótt 20. nóvember 2014, https://www.youtube.com/watch?v=tITwM5GDIAI&feature=youtu_gdata_player
- Fahlman, Scott E., „Smiley Lore :-)“, Carnegie Mellon School of Computer Science, sótt 21. október 2014, <http://www.cs.cmu.edu/~sef/Orig-Smiley.htm>
- Fang, Zhihui, „Illustrations, Text, and the Child Reader: What are Pictures in Children’s Storybooks for?“, í *Reading Horizons*, 37. árgangur, 2. útgáfa, 3. grein, 12. desember 1996.
- Frequently Asked Questions: Emoji and Dingbats*, The Unicode Consortium, sótt: 21. nóvember 2014, http://www.unicode.org/faq/emoji_dingbats.html
- Herrick, Robert og Alexander Balloch Grosart, *The Complete Poems of Robert Herrick*, Chatto and Windus, London, 1876.
- Houston, Keith, *Shady Characters: The Secret Life of Punctuation, Symbols, and Other Typographical Marks*, W W Norton & Company, Bandaríkin, 2013.
- Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal. *Handbók um ritun og frágang. Mál og menning, kafli 7*, 2010, sótt 24. nóvember 2014, <http://www.fsh.is/files/2115065291Handb%C3%B3k%20um%20ritun%20og%20fr%C3%A1ga ng,%20kafli%208.ppt>
- Jennifer Lee, „Is That an Emoticon in 1862?“, í *City Room*, 19. janúar 2009, sótt 20. október 2014 <http://cityroom.blogs.nytimes.com/2009/01/19/hfo-emoticon/>
- Lippit, Tamiko, „Japan Teens Flip for Private Pagers“, í *The New York Times*, 10. apríl 1995, sótt 23. október 2014, <http://www.nytimes.com/1995/04/10/news/10iht-bellcon.tt.html>

- Masaki ,Yuki; William M. Maddux, Takahiko Masuda, „Are the windows to the soul the same in the East and West? Cultural differences in using the eyes and mouth as cues to recognize emotions in Japan and the United States“, í *Journal of Experimental Social Psychology*, 43. árgangur, 2. tölublað, 2. mars 2007, bls. 303-311.
- McWorther, John, *Txtng Is Killing Language. JK!!!*, TED, febrúar 2013, sótt 11. nóvember 2014, http://www.ted.com/talks/john_mcwhorter_txtng_is_killing_language_jk
- Mullins, John, „iMode – A case study“, *Venture Navigator*, júlí 2007, sótt 18. október 2014, http://www.venturenavigator.co.uk/content/imode_case_study
- Phillip, Abby, „Emoji`s race problem may finally be going away“, í *The Washington Post*, 4. nóvember 2014, sótt 11. nóvember 2014, <http://www.washingtonpost.com/news/the-intersect/wp/2014/11/04/emojis-race-problem-may-finally-be-going-away/>
- Pitman, Isaac, *Isaac Pitman's Shorthand Instructor a Complete Exposition of Isaac Pitman's System of Phonography / by Isaac Pitman*. New and revised edition, Isaac Pitman & Sons.
- Araki, Kenji, Michal Ptaszynski, Rafal Rzepka og Yoshio Momouchi, „Research on Emoticons: Review of the Field and Proposal of Research Framework“, conference paper, 20. Maí 2014.
- Rothenberg, Matthew, *Emoji tracker*, 4. júlí 2013, sótt 20. október 2014, <http://www.emojitracker.com/>
- Schoebelen, Tyler, „Do You Smile with Your Nose? Stylistic Variation in Twitter Emoticons“, *University of Pennsylvania*, í *Working Papers in Linguistics*, 18. árgangur, 2. tölublað, 14. grein, 2012.
- Skapti Hallgrímsson, *Hraðamælir*, myndasafn mbl.is, 25. mars 2006, sótt 2. desember 2014, <http://www.mbl.is/myndasafn/mynd/156997/>
- Solyanik, Sergey, „Group Chat and Rich Emoticons Now Available in Gmail Chat“, í *Official Gmail Blog*, 28. nóvember 2007, sótt 22. nóvember 2014, <http://gmailblog.blogspot.com/2007/11/group-chat-and-rich-emoticons-now.html>
- Steinmetz, Katy, „Here Are Rules of Using Emoji You Didn't Know You Were Following“, í *Time*, 17. júlí 2014, sótt 18. nóvember 2014, <http://time.com/2993508/emoji-rules-tweets/>
- Viðtal við Michael Everson, tekið af mér (21. Nóvember 2014).
- What is Unicode*, The Unicode Consortium, sótt: 21. nóvember 2014, <http://www.unicode.org/standard/WhatIsUnicode.html>

Myndaskrá

- Mynd 1: Madrigal, Alexis C, „Robert Herrick: To Fortune“, 14. apríl 2014, mynd fengin af *The Atlantic*, sótt 2. desember 2014, <http://www.theatlantic.com/technology/archive/2014/04/the-first-emoticon-may-have-appeared-in-1648/360622/>
- Mynd 2: Lee, Jennifer 8. „Did someone insert an emoticon into this Times transcript of Abraham Lincoln’s speech in 1862?“, 19. janúar 2009, mynd fengin af *City Room*, sótt 21. október 2014 <http://cityroom.blogs.nytimes.com/2009/01/19/hfo-emoticon/>
- Mynd 3: Óþekktur höfundur prentdeildar *Puck*, „Emoticons printed in 1881 in the U.S. magazine *Puck*“, 30. nóvember 2007, mynd fengin af *Wikimedia Commons*, *Puck*, útgáfuár 1881, sótt 21. október 2014, http://commons.wikimedia.org/wiki/File:Emoticons_Puck_1881_with_Text.png
- Mynd 4: Zimmer, Benjamin, „the relevant passage as it appears in *The Collected Works of Ambrose Bierce, Vol. XI: Antepenultimata* (1912), pp. 386-7“, 21. september 2007, mynd fengin af *Language Log*, sótt 21. október 2014, <http://itre.cis.upenn.edu/~myl/languageelog/archives/004935.html>
- Mynd 5: Negeshi, Mayumi, „Some of the first emoji designed by Shigetaka Kurita“, 26. mars 2014, mynd fengin af *Japan Real Time*, sótt 2. desember 2014, <http://blogs.wsj.com/japanrealttime/2014/03/26/meet-shigetaka-kurita-the-father-of-emoji/>
- Mynd 6: Benenson, Fred, „here is a sample of a test run I’ve done on the first couple of chapters“, 19. september 2009, mynd fengin af *Kickstarter*, sótt 2. desember 2014, <https://www.kickstarter.com/projects/fred/emoji-dick>
- Mynd 7: Steinmetz, Katy, „even when emoji appear in the middle of tweets, they often come between complete thoughts“, 17. júlí 2014, mynd fengin af *Time*, sótt 2. desember 2014, <http://time.com/2993508/emoji-rules-tweets/>
- Mynd 8: Tanzer, Miles, „miley emoji tweet“, 19. des 2012, mynd fengin af *Betabeat*, sótt 2. desember 2014, <http://betabeat.com/2012/12/miley-cyrus-emoji-racist-iphone/>
- Mynd 9: Davis, Mark og Peter Edberg, „emoji skin tone modifiers“, 16. nóvember 2014, mynd fengin af *Unicode emoji: Proposed draft Unicode technical report #51*, sótt 21. nóvember 2014, <http://www.unicode.org/reports/tr51/>
- Mynd 10: Kjeilen, Tore, „Hieroglyphs from Tomb of Ramses 6, Valley of the Kings, Luxor“, mynd fengin af *Looklex Encyclopedia*, sótt 8. desember 2014, <http://i-cias.com/e.o/hieroglyphs.htm>
- Mynd 11: Pratt, Beryl L., „excerpt from „A Manual of Phonography““, mynd fengin frá *Long live Pitman’s shorthand!*, sótt 8. desember 2014, <http://www.long-live-pitmans-shorthand.org.uk/shorthand-reading-about-shorthand.htm>